

**Nd.** **343. Breytingartillögur** [148. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
  2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Framlög ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkvæmt 1. tölulið.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „allt að 150 milljón króna lán“ komi: allt að 200 milljón króna lán.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað orðanna „15 ár“ í 12. gr. laganna komi: 20 ár — og í stað orðanna „7 ára“ komi: 10 ára.